

# Velkomin á Sunnuhvol

Deildastjóri:

Anna Þóra

Guðmundsdóttir

annath@arborg.is

Símanúmer á deild:

480-6382



Vala Leikskóli -  
Smáforrit fyrir  
foreldra

Heimasíða:

[jotunheimar.arborg.is/](http://jotunheimar.arborg.is/)



## Dagleg rúttína

- Foreldrar fylgja barni sínu inn á deild.
- Morgunmatur er milli 8:00 - 9:00
- Frjáls leikur
- Skipulagt starf / útivist
- Matartími 11:45
- Hvíld/slökun
- Frjáls leikur
- Síðdegishressing, 14:30
- Skipulagt starf / útivist



## Upplýsingagjöf

- Reglulegir tölvupóstar og skrifað á töfluna við deild.
- Mánaðarskipulag sent heim í byrjun hvers mánaðar.
- Matseðill er á heimasíðunni okkar.
- Skóladagatal er á heimasíðunni ásamt ýmsum öðrum upplýsingum.



## Mikilvægt að hafa í huga

- ♦ Myndatökur eru **ekki leyfðar** í leikskólanum, vegna persónuverndarlaga, nema á auglýstum viðburðum á vegum leikskólans.
- ♦ Foreldrum er bent á að heitir drykkir eru ekki leyfilegir í starfi með börnum.
- ♦ Leikföng og bangsar að heiman eru **ekki leyfðir** í leikskólann. Í boði er að vera með hvíldarbangsa sem fer ekki á milli heimilis og leikskóla.
- Við biðjum foreldra vinsamlegast að virða vistunartíma barnanna að morgni og seinnipartinn, vistunartíminn er **frá og til**.
- Mikilvægt er að láta vita ef barn er veikt eða í frii með að skrá inn á völu eða hringja inn á deild.
- Ef einhver sem ekki er skráður á öryggisblaðið kemur að sækja barnið er mikilvægt að láta starfsfólk vita.
- Ef því er ekki fylgt verður hringt í foreldra.



## Við upphaf leikskólagöngu viljum við biðja ykkur að:

- Kaupa hvíta myndlistamöppu sem er u.p.b. 5 - 6 cm breið. Passa að hún sé með fjórum hringjum að innan og plasthúðuð. Einnig þarf að kaupa 60 plastvasa.
- Koma með myndir af fjölskyldu barnsins. Barnið mun útbúa myndahús í leikskólanum og fara myndirnar á það hús.



## Upplýsingar um fatnað og bleyjur

- Mikilvægt að muna merkja fötin, snuð og hvíldarbangsa.
- Leikskólinn á ekki aukaföt til að lána, því er mikilvægt að yfirfara hólfin reglulega.
- Foreldrar skaffa bleyjur fyrir börnin sín,
- Ef barnið er að hætta með bleyju þarf að bæta við aukafötum á meðan það gengur yfir.

## Það sem þarf að vera í fatahólfum:

Engar töskur eiga að vera í hólfunum í fataklefanum.  
Muna að tæma hólfin á föstudögum.

## Útiföt í fataklefa

	2x <u>vettlingar</u>		<u>Árstíðarbandið</u>
	<u>Þykk peysa</u>		<u>Snjógalli</u>
	<u>Húfa</u>		<u>Kuldaskór</u>
	<u>Pollagalli</u>		<u>Lambhúshetta</u>
	<u>Pollavettlingar</u>		<u>Ullasokkar</u>
	<u>Stígvél</u>		<u>Strigaskór</u>
	<u>Úlpa</u>		<u>Buff</u>
	<u>Jakki</u>		
	<u>Hljójar buxur</u>		

## Aukaföt í innihólfi

	<u>Bolur</u>		<u>Sokkar</u>
	<u>Buxur</u>		<u>Sokkabuxur</u>
	<u>Peysa</u>		<u>Samfella / Nærföt</u>